

**A 1674/presidiet**

Flytjandi:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Forsætisnefndin

Málsnúmer 16-00070-1

Þingmannatillaga um aukna þátttöku Norðurlandaráðs æskunnar

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna beinir tilmælum til Norðurlandaráðs um

að Norðurlandaráð æskunnar geti lagt fram eigin þingmannatillögur úr ræðustóli á þingfundum Norðurlandaráðs

Aðdragandi

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði vill að hlustað verði í auknum mæli á Norðurlandaráð æskunnar (UNR) og því tryggð aukin þátttaka í pólitísku norrænu samstarfi. Norðurlandaráð æskunnar sýnir mikinn eldmóð og er rödd ungmenna á vettvangi stjórnmalanna. Á grundvelli árlegs þings Norðurlandaráðs æskunnar í október koma fram margar tillögur að nýjum verkefnum og tillögur frá þeim aðildarsamtökum og þúsundum ungmenna, sem eru bakhjarlar samtakanna.

Norðurlandaráð æskunnar hefur beina reynslu af málefnum sem varða ungmenni á Norðurlöndunum. Þannig er Norðurlandaráð æskunnar mikilvægur þáttur í að Norðurlöndin skipti máli fyrir ungmenni líka í framtíðinni.

Mikilvægur liður í norrænu samstarfi í dag er að Norðurlandaráð æskunnar má taka til máls á fundum Norðurlandaráðs, bæði í nefndum, hjá flokkahópum og í þingumræðum, þar sem ungmenni eru mikilvægur hluti lýðræðisins. En það ber að veita aukið rými fyrir Norðurlandaráð æskunnar í norrænu samstarfi.

Helsinki, 25. janúar 2016

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Henrik Dam Kristensen (S)
Ineqi Kielsen (S)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karin Gaardsted (S)
Knut Storberget (A)

Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Pernille Schnoor (S)
Phia Andersson (S)
Pyy Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Suzanne Svensson (S)
Ville Skinnari (sd)